	Hafnarfjarðarbær
Innk:	14/10 2015
Málsnr:	1212 008
Bréfál:	101

**EFTIRLITSNEFND MEÐ  
FJÁRMÁLUM SVEITARFÉLAGA**

**EFS**

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

**Immanríkisráðuneytið**  
Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík  
Sími 545 9000, netfang: [postur@irr.is](mailto:postur@irr.is)

Reykjavík 8. október 2015  
Tilv.: IRR15010143/18.11.3

Efni: Fjárhagsáætlun, viðaukar við fjárhagsáætlun og samanburður við niðurstöðu ársreiknings 2014.

Í framhaldi af niðurstöðu ársreikninga sveitarfélaga fyrir árið 2014 og með tilvitnun í 79. gr. sveitarstjórnarlaga, óskar eftirlitsnefndin eftir nánari upplýsingum frá sveitarfélaginu vegna samanburðar á fjárhagsáætlun 2014 við niðurstöðu ársreiknings 2014.


Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur skv. 1. mgr. 62. gr. um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélags á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. ofangreindu nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktari áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans. Viðauka við fjárhagsáætlun skal senda ráðuneytinu innan 15 daga frá afgreiðslu þeirra.

Við samanburð á upphaflegri fjárhagsáætlun, fjárhagsáætlun með viðaukum og niðurstöðu ársreiknings á árinu 2014, kemur fram að sveitarfélagið kann að hafa staðið fyrir gerð viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2014. Í samræmi við framangreind ákvæði um bindandi reglu um fjárhagsáætlun komandi árs og viðauka við fjárhagsáætlun, óskar eftirlitsnefndin eftir því að fá sent yfirlit um samþykktar viðauka vegna fjárhagsársins 2014 ásamt afriti af viðaukum sem ekki hefur verið skilað til innanríkisráðuneytis eða hagstofu eins og lög kveða á um. Jafnframt er óskað eftir almennum upplýsingum sveitarstjórnar á verklagi vegna daglegrar fjármálastjórnar með tilliti til fjárheimilda, viðbrögðum sveitarstjórnar þegar fram koma frávik frá fjárhagsáætlun ársins og aðgerðir hennar í slíkum tilfellum.

Svör vegna upplýsingaöflunar þessarar óskast send eftirlitsnefndinni eigi síðar 45 dögum eftir dagssetningu bréfs þessa.

Fyrir hönd eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

  
Þórir Ólafsson  
formaður

  
Eiríkur Benónýsson